



## Afmæliskveðja frá forseta Íslands

Lúðrasveit Verkalýðsins hefur fylgt íslenskri alþýðu á viðburðarríkri göngu í hálfra öld og kraftmiklir tónar hljóma oft í minningunni.

Lúðrasveitin í fararbroddi 1. maí og kröfuspjöld og fánaborgir tignarleg umgjörð um mannfjöldann sem fyllir Laugavegin og Lækjartorgið.

Lúðrasveitin á baráttustundum í sögu þjóðar; útifundum um langhelgismálin; úrslitadögum í átökum um líf skjörin í landi okkar.

Lúðrasveitin á hátíðarstundum; í fyrri á vordegi þegar forseti fjölmennasta ríkis heims kom til Íslands í fyrsta sinn, hljómsveit verkalýðsins að leika þjóðsöng Alþýðulýðveldisins. Einnig ótalmargir tónleikar og gleðistundir, fögnuður í hugum allra sem tónlistin tengir saman.

Lúðrasveit verkalýðsins hefur ávallt verið skipuð úrvalsliði sem helgað hefur hljómsveitinni krafta sína, oft sýnt fórnfýsi og ótrúlega atorku til að bæta nýjum víddum við atburðina.

Ég færi Lúðrasveitinni einlægur þakkir þúsunda sem hún hefur glatt og auðgað á góðum stundum og vona að þjóðin megi enn um langa framtíð eiga Lúðrasveit verkalýðsins að þegar mikið er í húfi.

Ég óska hljómsveitinni og öllum sem hana hafa skipað í hálfra öld til hamingju með merkan feril.

Ólafur Ragnar Grímsson  
(sign)